



Öldrunarráð Íslands

DAS Hrafnista, Laugarási, 104 Reykjavík
Sími: 585 9508 ■ oldrunarrad@oldrunarrad.is

Alþingi
Nefndasvið
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 30. september 2015.

EFNI: Umsögn um frumvarp á þingskjali 35 um breytingu á lögum nr. 19/1988 um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá og lögum nr. 125/1999 um málefni aldraðra.

Öldrunarráð tekur undir sjónarmið og áherslur á þingskjali 35 um breytingatillögur á 5. gr. laga nr. 19/1988 um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá og 2. og 13. gr. laga nr. 125/1999 um málefni aldraðra.

Frumvarp um sama efni hefur tvívegis áður verið lagt fram á Alþingi, 514. mál á 143 löggjafarþingi og 686. mál á 144 löggjafarþingi, án þess að hafa hlotið afgreiðslu.

Þetta er í þriðja sinn sem frumvarp sama efnis er lagt fyrir Alþingi og hvetur Öldrunarráð þingmenn til þess að taka það til málefnalegrar umfjöllunar og koma skýrum skilaboðum til eldri borgara um afstöðu þingmanna til þeirra.

Að fenginni reynslu telur Öldrunarráð að tryggja beri sem best hagsmuni þeirra eldri borgara sem kjósa að kaupa íbúðarrétt hjá seljendum þjónustuíbúða svo þeir eða afkomendur þeirra beri ekki skarðan hlut frá borði við uppgjör við lok íbúðarréttar.

Með fjölgun eldri borgara á næstu árum má gera ráð fyrir að fleiri þeirra muni nýta sér þá möguleika sem í boði séu varðandi kaup á íbúðarrétti.

Koma þarf til móts við þessar þarfir í stað þess að láta málið stöðvast á Alþingi eins og gerst hefur undanfarin tvö þing.

Öldrunarráð skorar á Alþingi að taka frumvarpið til efnislegrar umfjöllunar og samþykkja þær betrubætur varðandi mál aldraðra sem í því felast.

F.h. stjórnar Öldrunarráðs Íslands,

Pétur Magnússon
formaður